

Stjórnarfundur Félags Háskólakennara á Akureyri

Mánudaginn 16. júní 2008 kl 12-12:45

Mætt: Kjartan Ólafsson, Finnur Friðriksson, Hafdís Skúladóttir, Arnheiður Eypórsdóttir, Giorgio Baruchello og Helgi Gestsson.

1. Skipting í embætti

Kjartan Ólafsson er formaður FHA. Varaformaður verður Finnur Friðriksson, Hafdís Skúladóttir verður ritari, Arnheiður Eypórsdóttir verður gjaldkeri, Páll Björnsson verður meðstjórnandi og varamenn verða Giorgio Baruchello og Erlendur Steinar Friðriksson.

2. Samningamál

Helgi Gestsson gerði grein fyrir stöðunni í samningamálum innanhúss og hjá BHM og aðildarfélögum þess. Reiknað er með krónutöluhækkun og samið verði til 11 mánaða hið mesta. Stjórnunarskylda lektora og dósenta mun hækka næsta skólaár upp í 6%. Líklegt er að eitthvað fari að gerast í samningamálum mjög fljótlega.

3. Sumarsólstöðuhátíð

Starfsmenn bókasafns H.A. sendu beiðni um fjárstuðning vegna Sumarsólstöðuhátíðar á Végeirsstöðum. Samþykkt var að veita styrk.

4. Tillaga frá formanni vegna ráðningar framkvæmdastjóra

Lagt er til að stjórnin heimili formanni að ganga til samninga til reynslu í eitt ár við Hjördísi Sigursteinsdóttur um að gegna starfi framkvæmdastjóra FHA og annast daglegan rekstur félagsins (þó ekki bókhald, það verði áfram í höndum Ásu Guðmundardóttur). Framkvæmdastjóri fái greidda sömu upphæð og áður var greidd formanni en formaður þiggi aðeins greiðslur fyrir fundarsetu á stjórnarfundum. Formaður kynnti tillöguna fyrir stjórninni og var hún samþykkt.

5. Tillaga frá formanni um úttekt á framkvæmd rannsóknamissera og leyfa

Lagt er til að stjórnin heimili formanni að ganga til samninga við RHA um úttekt á framkvæmd rannsóknamissera og starfsþjálfunarleyfa s.l. fimm ár. Í úttektinni verði lagt mat á raunverulegan kostnað HA við veitingu rannsóknamissera og starfsþjálfunarleyfa ásamt ávinningi. Ennfremur lagt mat á þær reglur sem lagðar eru til grundvallar við úthlutun. Formaður kynnti tillöguna fyrir stjórninni. Umræður voru m.a. um fyrri álitserðir og væntanlegan kostnað við úttektina. Einnig um ávinning skólans af leyfum starfsmanna. Tillagan var samþykkt.

6. Önnur mál

Kjartan kynnti þá tillögu að hafa fasta fundartíma fyrir stjórn FHA og mun senda tillögu í tölvupósti.

Einnig var rætt hvernig best væri að kveðja fráfarandi formann. Það verður kynnt síðar.

Fundi slitið kl 12:45

Hafdís Skúladóttir ritaði fundargerð